

Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2010

25. október 2010

Málnotkun í íslensku háskólasamfélagi hefur breyst á undanförunum árum og sú þróun hefur því miður oft orðið á kostnað íslenskrar tungu. Háskólastarf er í eðli sínu alþjóðlegt og því sjálfsagt að í íslensku háskólasamfélagi séu notuð fleiri tungumál en íslenska. Skylt er þó að tryggja að staða íslenskrar tungu sé sterk í háskólasamfélaginu á Íslandi; þar má hún ekki verða hornreka heldur á hún þvert á móti að eflast þar og dafna. Ástæða er til að gefa þessari þróun gaum og spyrna við fótum áður en í óefni er komið.

Staðan

Í mörgum háskólagreinum er mikill meirihluti námsefnis á erlendum málum en svo hefur reyndar verið um langa hríð. Á síðustu árum hefur hlutur ensku vaxið mjög og jafnframt dregið úr notkun námsefnis á öðrum erlendum málum. Svo er komið að ætla má að námsefni á ensku sé um og yfir 90 af hundraði alls námsefnis á háskólastigi á Íslandi (Birna Arnbjörnsdóttir 2009:88). Við mat á fræðilegum skrifum íslenskra háskólakennara og annarra fræðimanna vega að jafnaði þyngst þær greinar sem birtast í fræðitímaritum með mikla alþjóðlega útbreiðslu og bækur gefnar út hjá háskólaforlögum sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar. Á þeim vettvangi er sjaldnast unnt að fá birt efni á íslensku; fræðileg skrif á íslensku eru því yfirleitt minna metin en skrif á ensku. Þetta fyrirkomulag felur í sér hvatningu til háskólamanna að skrifa á ensku fremur en íslensku. Fræðileg skrif framhaldsnema við íslenska háskóla eru líka í vaxandi mæli á ensku og til að mynda voru um 80 af hundraði doktorsritgerða við Háskóla Íslands á árunum 2000–2009 á ensku (Háskóli Íslands, doktorsvarnir: <http://www.hi.is/is/nam/doktorsvarnir>).

Mesta breytingin er þó líklega innan sjálfrar kennslustofunnar því að mjög hefur færst í vöxt að kennsla og verkefnavinna fari fram á ensku, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi. Nefna má sem dæmi að í *Árbók Háskóla Íslands 2009* (bls. 55) kemur fram að af um 2.250 kenndum námskeiðum skólaárið 2009–2010 voru 250 námskeið kennd á ensku eða ríflega 11 af hundraði. Af þessum 250 námskeiðum voru 120 í grunnnámi eða 48 af hundraði. Við Háskólann í Reykjavík hafa alls sautján námsbrautir verið kenndar

alfarið á ensku. Þar er meðal annars um að ræða meistaranámsbrautir í verkfræði, viðskiptafræði, tölvunarfræði og lýðheilsu, eins og segir á vef skólans (Háskólinn í Reykjavík: <http://www.ru.is>). Við Háskólann á Akureyri er kennt á ensku í allmörgum námskeiðum í lögfræði og félagsvísindum og þar hefur líka verið boðið upp á meistaranám í tölvunarfræði á ensku (*Ársskýrsla 2008*, bls. 17, 25 og víðar). Þá býðst nemendum Háskólans á Bifröst BS-nám á íslensku og ensku (Háskólinn á Bifröst: <http://www.bifrost.is>).

Tölvuumhverfi í íslenskum háskólum er að langmestu leyti á ensku. Stýrikerfi og allur helsti notendahugbúnaður er með ensku viðmóti enda þótt sumt af því megi fá endurgjaldslaut á íslensku. Kennsla í fjarnámi er mikil í sumum greinum og þar er sums staðar notast við fjarkennslukerfi með ensku notendaviðmóti.

Alþjóðlegir straumar eru vitaskuld ómissandi þáttur í þróttmiklu háskólastarfi og fengur er að bæði kennurum og nemendum utan úr heimi sem auðgað geta háskólasamfélagið. Sú spurning hlýtur þó að vakna hvort slík alþjóðleg samskipti þurfi í öllum tilvikum að vera á kostnað íslenskunnar. Stundum vill það gleymast að erlendir gestir í íslenskum háskólum eru margir hverjir hingað komnir vegna áhuga á landi og þjóð og vilja gjarna læra íslensku. Hætt er við að þeir fái litla hvatningu til að læra íslensku og fá tækifæri bjóðist til þess í íslenskum háskólum. Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri bjóða námskeið í íslensku fyrir útlendinga og vera má að víðar sé boðið upp á stök námskeið, en sérstök braut á háskólastigi helguð hagnýtu námi í íslensku fyrir útlendinga er aðeins í boði í Háskóla Íslands.

Í háskólum á Íslandi eru nemendur með erlent ríkisfang rétt um sex af hundraði (Hagstofa Íslands: <http://www.hagstofa.is>); einhverjir þeirra tala þó eflaust íslensku og sumir stunda beinlínis nám í íslensku. Þeir nemendur, sem ekki tala og skilja íslensku, eru því ekki margir í hlutfalli við heildarfjölda nemenda. Því má spyrja við hvaða aðstæður teljist eðlilegt að leggja íslensku til hliðar sem vinnumál og nota ensku eða annað tungumál í hennar stað. Er til að mynda eðlilegt að íslenskur kennari kenni þrjátíu manna nemendahópi á ensku ef einn í hópnum skilur ekki íslensku og getur ekki unnið á íslensku? Slík ráðstöfun yrði þessum eina nemanda ef til vill til hagsbóta en það er vart hagur hinna og kennarans að þurfa að rækja sín störf á erlendu tungumáli (og vitaskuld er alls ekki sjálfgefið að erlendi nemandinn hafi ensku að móðurmáli). Stórhætta hlýtur að vera á að það dragi úr skilningi og tjáningarfærni og komi beinlínis niður á gæðum háskólastarfsins. Ekki má gleyma því að á móðurmálinu getur málnotandinn sagt það sem hann *vill* en á erlendu máli segir hann aðeins það sem hann *getur* sagt.

Þá má líka spyrja hvort skynsamlegt sé að í íslenskum háskólum sé kennt á erlendu tungumáli í grunnnámi. Eins og getið var hér að framan var nær helmingur þeirra námskeiða, sem kennd voru á ensku í Háskóla Íslands háskólaárið 2009–2010, í grunnnámi. Í grunnnáminu stíga nemendurnir sín fyrstu skref á fræðabrautinni. Þar heyja þeir sér fræðilegan orðaforða, kynnast hugtökum og heitum greinarinnar og byrja að tala og

skrifa um fræðin. Til að íslenskir háskólanemar séu færir um að tala og skrifa um sín fræðilegu viðfangsefni á íslensku og fari ekki á mis við íslensku sem fræðamál er mikilvægt að íslenska sé vinnumálið á því mikla mótunarskeiði sem grunnnámið er.

Horfurnar

Ef þessi þróun heldur áfram næstu áratugi og námskeiðum og heilum námsbrautum á ensku fjölgar blasir við að verulega mun þá þrengt að íslenskri tungu í háskólasamfélaginu á Íslandi. Svo gæti farið að íslenska yrði ekki lengur gjaldgeng í íslenskum háskólum og yrði að víkja þar fyrir ensku. Við það myndi staða íslenskrar tungu í íslensku samfélagi veikjast. Hún myndi glata afar mikilvægu umdæmi og reynslan kennir að umdæmi, sem eitt sinn hefur glatast, getur verið erfitt að vinna aftur.

Slík óheillaþróun myndi ekki einvörðungu hafa áhrif á umdæmi íslenskunnar í samfélaginu. Um leið og íslenska hættir að vera gjaldgeng í háskólasamfélaginu stöðvast vöxtur hennar á sviði vísinda og fræða. Enginn hvati verður lengur til að mynda ný íslensk orð og orðasambönd um fræðileg efni og að því kemur að íslenska verður illa nothæf í fræðilegri umræðu vegna fátæklegs og úrelts iðorðaforða.

Háskólar, vísindi og fræði eru líka afskaplega mikilvægt umdæmi sérhverju tungumáli. Félagslega eru háskólar nátengdir framförum í samfélaginu og frama einstaklingsins. Tungumál, sem ekki þykir gjaldgengt í framadraumum ungs fólks eða framförum í samfélaginu, getur sjálft ekki átt bjarta framtíð. Háskólasamfélagið er því ekkert venjulegt umdæmi í málfélagslegu samhengi; segja má að það sé einn af lykllum framtíðar fyrir sérhvert tungumál. Til samanburðar má nefna að í Nígeríu hefur tungumálið jorúba orðið að lúta í lægra haldi fyrir ensku á sviði æðri menntunar. Staða jorúba þykir hafa veikt fyrir vikið og má þá einu gilda þótt um tuttugu milljónir manna hafi það að móðurmáli (Crystal 2000:13).

Háskólar á Íslandi eru hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi en jafnframt hafa þeir skyldum að gegna við íslenskt samfélag. Þeir eiga lögum samkvæmt að styrkja innviði íslensks samfélags og stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls (2. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla). Miðlun þekkingar og færni til samfélagsins alls verður að fara fram á íslensku og íslenska verður þá að vera nothæf sem vísindamál.

Háskólasamfélagið ber mikla ábyrgð á framtíð íslenskrar tungu og eðlilegt er að líta svo á að hún sé meðal þeirra innviða íslensks samfélags sem háskólum á Íslandi er lögum samkvæmt ætlað að styrkja. Háskólasamfélagið á Íslandi er, sem kunnugt er, hið eina í heiminum þar sem íslenska er notuð og fari svo illa að íslenska yrði ekki talin gjaldgeng þar — nema ef til vill á kaffistofunni — verður erfitt að bæta það tjón; sú óheillabreyting á stöðu íslenskrar tungu yrði að öllum líkindum óafturkræf.

Hvernig skal bregðast við?

Hér hefur verið dregin upp nokkuð dökk mynd en til að koma í veg fyrir að verstu spár verði að veruleika er brýnt að þetta málefni verði rætt í háskólasamfélaginu. Mikilvægt er að íslenskir háskólar móti sér málstefnu þar sem tekin er afstaða til álitaeftna um málnotkun, eins og lagt er til í íslenskri málstefnu sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009 (*Íslenska til alls*, bls. 49). Markmiðið er vitanlega ekki að ryðja ensku eða öðrum erlendum tungumálum úr íslensku háskólasamfélagi; slíkt væri bæði óraunhæft og óskynsamlegt. Markmiðið er miklu fremur að tryggja stöðu íslenskrar tungu innan háskólasamfélagsins á Íslandi, sjá til þess að hún verði áfram notuð í fræðilegri umræðu og nothæf til að miðla þekkingu innan háskólanna og út í íslenskt samfélag. Það er skylda Íslendinga að tryggja að enska eða önnur erlend mál komi ekki *í stað* íslensku sem vísindamál á Íslandi og sjá til þess að í íslensku háskólasamfélagi verði íslenska áfram aðalmálið í sambýli við önnur tungumál. Til þess að þetta markmið náist leggur Íslensk málnefnd til að einkum verði lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Íslenska verði opinbert mál háskóla á Íslandi.
- Meginreglan verði sú að í háskólum á Íslandi sé vinnumálið íslenska, jafnt í kennslu (fyrirlestur, umræðum, verkefnum og ritgerðum), rannsóknum og stjórnsýslu.
- Um leið og íslenskir háskólamenn eru virkir þátttakendur í alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi leitist þeir við að kynna rannsóknir sínar á íslensku, bæði fyrir öðrum fræðimönnum og íslenskum almenningi.
- Kennsla í grunnnámi verði að öllu jöfnu á íslensku (nema í beinni tungumálakennslu); kennsla á erlendum málum einskorðist helst við framhaldsnám.
- Allir háskólar á Íslandi bjóði erlendum kennurum og nemendum hagnýta kennslu í íslensku og svigrúm til að sinna íslenskunámi til þess að þeir geti sem fyrst tekið þátt í háskólastarfinu á íslensku.
- Lögð verði sérstök rækt við iðorðastarf svo að auðvelt sé að ræða um sérhæfð viðfangsefni á íslensku. Til þess þarf iðorðastarf að njóta viðurkenningar innan háskólasamfélagsins en einnig þarf að gangast fyrir skipulagðri kennslu í iðorðafræði og efla iðorðasöfn á Netinu.
- Lögð verði sérstök rækt við þýðingar fræðilegs efnis yfir á íslensku, bæði kennslubóka og alþýðlegra fræðiritra, til að auðvelda kennslu á íslensku og bæta aðgengi íslensks almennings að fræðilegu efni á íslensku. Þetta mætti meðal annars gera með eflingu þýðingarsjóða.

Heimildir

- Árbók Háskóla Íslands 2009*. Aðgengileg á http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/markads_og_samskiptasvid/kynningarmal/Arbok_2009_lowres.pdf
- Ársskýrsla 2008*. Háskólinn á Akureyri. Aðgengileg á http://unak.is/static/files/Arsskyrslur/arsreikningur2008_HA_VEF.pdf
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2009. Enska í háskólanámi. Magnús Sigurðsson og Rebekka Þráinsdóttir (ritstj.): *Milli mála. Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum* 1:77–94.
- Crystal, David. 2000. *Language Death*. Cambridge University Press.
- Íslenska til alls. Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskeri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009*. 2. útgáfa. Rit 44. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík, 2009. Aðgengilegt á vef Íslenskrar málnefndar, www.islenskan.is, og mennta- og menningarmálaráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.